

Skipulagsstofnun Íslands
b.t. Jakob Gunnarsson
Borgatún 7b
105 Reykjavík

Reykjanesbær 16.7.2019

Niðurrif á togaranum Orlik á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur
Matsskyldufyrirspurn júlí 2019
Umsögn

Með vísan til tölvupósts Skipulagsstofnunar dags 10. júlí 2019 og matsskyldufyrirspurn VSO fyrir Hringrás: Niðurrif á togaranum Orlik á athafnasvæði Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur

Skýrslan unnin af VSO lýsir á fullnægjandi hátt hvernig spilliefni hafa þegar verið að mestu fjarlægð og hvernig staðið verður að framkvæmd við förgun þess sem eftir er.

Skýrslan lýsir því að framkvæmdinni er ætlað að fara fram við skipasmíðastöð á hafnarsvæði. Staðsetningin fellur því ágætlega að skipulagi.

Framkvæmdin er tímabundin og gengið verði frá umhverfi að framkvæmd lokinni eins og komið var að því. Þess vegna með vísan í reglugerð um framkvæmdaleyfi 772/2012, 4.gr 3.mgr er ekki farið fram á að veitt sé framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er ekki leyfisskyld innan verksviðs skipulagsfulltrúa.

Samt sem áður fer skipulagsfulltrúi fram á við framkvæmdaaðila að vera upplýstur um að framkvæmdin haldi tímaáætlun, eftirlit sé samkvæmt lýsingu og að gengið hafi verið frá landi eins og því er lýst að framkvæmd lokinni, eða ef forsendur sem matskyldufyrirspurnin byggir á breytist á framkvæmda tíma.

Efni bréfsins samþykkt á fundi bæjarráðs dags: xx. 2019

Virðingarfyllt,

Gunnar Kr Ottósson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæ